

Heimkoman

leikrit eftir Rannveigu Þorkelsdóttur

Anna og Axel eru systkin sem eru nýkomin heim úr fríi frá Rusleyjunni með foreldrum sínum. Anna varð mjög glöð þegar hún komst að því að ekkert netsamband var á eyggi og hún gat ekki tekið á móti SMS-skilaboðum sem stelpa í Axels bekk var alltaf að senda henni. Stelpan, sem heitir Sigga Mæja, vildi fá hana til að þjóna sér. Anna neitaði að gera það og í kjölfarið fór hún að fá andstyggileg skilaboð. Nú er skólinn byrjaður aftur og Anna segir öllum að eineltið sé hætt. Það er reyndar ekki þannig því Sigga Mæja hefur hótad Önnu því að ef hún segir Axel eða einhverjum öðrum frá eineltinu skuli hún gera lítið úr honum fyrir framan alla í skólanum. Axel trúir Önnu um að eineltið sé hætt og er himinlifandi yfir þeirri athygli sem Sigga Mæja sýnir honum.

Senal

Leikritið hefst heima hjá systkinunum. Axel fær skilaboð í símann sinn, les þau og fer að hlæja.

Axel:

Frábært, hún ætlar í bíó með mér.

Axel skrifar strax tilbaka, er smástund að því. Á meðan fær Anna skilaboð. Hún les þau og verður döpur.

Anna:

Hver ætlar með þér í bíó?

Axel:

Æji, bara stelpa sem ég þekki.

Hann lítur á systur sína og vill ekki vekja upp gamla drauga.

Anna:

Má ég koma með?

Axel:

Nei, það er ekki hægt. Þú veist, þetta eru nokkrir krakkar úr mínum bekk sem ætla að fara. Svo er myndin líka bönnuð innan tólf ára.

Fær aftur skilaboð og fer að hlæja.

Anna:

Eins og það skipti einhverju máli. Þú vilt bara ekki hafa mig með. Segðu það bara.

Hún fær skilaboð og kastar frá sér símanum.

Axel:

Hvað er í gangi, er ekki allt í lagi?

Hann tekur upp símann og ætlar að skoða hann. Anna stekkur af stað og rífur símann af honum.

Axel:

Hvað er að þér?

Anna:

Ekkert, láttu mig í friði.

Axel:

Er einhver að senda þér leiðinleg skilaboð?

Anna:

Nei.

Axel:

Hvað er þá að?

Anna:

Ekkert, ég er búin að segja það. Láttu mig í friði.

Axel:

Hey, alveg róleg. Ekkert mál. Vildi bara tékka.

Þau horfa hvort á annað í þögn. Anna er við það að gráta.

Þá fær Axel skilaboð og fer að hlæja.

Axel:

Hún er ótrúleg, heyrðu ég verð að fara. Er allt í lagi með þig?

Anna:

Hver er svona ótrúleg?

Axel:

Verður allt í lagi með þig?

Anna:

Já, hvað er að þér, farðu bara. Það er ekkert að mér.

Axel fer út en um leið er hann að senda SMS. Anna fær skilaboð í sinn síma, les þau og fer að gráta.

Sena 2

Axel er á leið heim til Siggu Mæju. Hann stoppar og segir hugsanir sínar upphátt.

Axel:

Af hverju ætli Anna hafi verið svona leið? Hefði ég átt að bjóða henni með í bíó? Nei, hún getur farið með sínum vinum. Ég á ekki að þurfa að passa uppá hana, hún á alveg að geta séð um sig sjálf. Ætli eineltið sé byrjað aftur? Ég meina, eitthvað annað einelti. Djöfull skal ég berja þann sem ...

Ég veit að Sigga Mæja er löngu hætt að stríða henni. Enda var það bara svona smá-einelti. Ekkert svona alvarlegt. Bæði Anna og Sigga Mæja segja að það sé hætt. Ég trúi þeim alveg. Af hverju ættu þær líka að vera að ljúga? Ég er alveg hrikalega feginn, maður. Ég verð náttúrlega að hugsa um sjálfan mig, ég meina ég er hrikalega skotinn í Siggu, hún má bara ekki vita það strax.

Af hverju ætli Anna hafi verið svona leið? Ég hefði kannski átt að leyfa henni að koma með okkur í bíóið.

Fær SMS frá Siggu Mæju, hlær og heldur áfram göngunni.

Axel:

Ég er á leiðinni, cjl8er (skrifar það sem hann segir og sendir SMS).

Sena 3

Axel og Sigga Mæja koma heim til Axels eftir bíóið. Foreldrar Önnu og Axels höfðu skroppið út. Klukkan er 9 um kvöld. Anna er að lesa inní stofu þegar þau koma inn.

Axel: Gaurinn var líka svo klikkaður. Það getur enginn haldið niðri í sér andanum svona lengi. Þú veist í fimm mínútur. Einmitt.

Sigga Mæja:

Nákvæmlega. Þú veist, á maður að trúa þessu?

Hlær.

Anna sér hver kemur með Axel heim og stífnar öll upp.

Axel:

Hæ. Þetta er litla systir mín, Anna.

Sigga Mæja:

Já, við þekkjumst mjög vel. Við erum saman í leiklist.

Brosir smeðjulega.

Axel:

Hvað, ætlar þú ekki að heilsa vinkonu minni?

Anna:

Hæ.

Lítur niður.

Sigga Mæja:

Hæ, hvað segir þú, er ekki allt í góðu?

Anna svarar ekki.

Axel:

Hvað er eiginlega að þér? Af hverju svarar þú ekki?

Sigga Mæja:

Æ, hún er örugglega ennþá fúl út í mig fyrir að senda henni þessi skilaboð í fyrra. Ég veit að ég var hriklega leiðinleg. En ég er það ekki lengur. Er það nokkuð Anna?

Anna svarar ekki.

Axel:

Halló! Hver er núna að leggja hvern í einelti? Af hverju svarar þú ekki? Rosalega ertu leiðinleg!

Sigga Mæja:

Já, hún lætur stundum svona við mig í leiklist. Ég held að hún sé pínulítið afbrýðisöm út í mig. Þú veist, af því að við tvö erum núna vinir.

Axel:

Hvað meinarðu, leiðinleg? Hvernig þá?

Sigga Mæja:

Æ, ég vil ekki vera að klaga hana systur þína, getum við bara ekki öll reynt að vera vinir?

Anna:

Ég er ekki...

Sigga Mæja:

Ertu ekki hvað? Hefur þú ekki verið leiðinleg við mig í leiklist? Hefur þú ekki verið að hóta mér með bróður þínum?

Anna:

Nei, nei, ég er ekki að hóta, þú, þú...

Sigga Mæja:

Ég, hvað? Hef ég verið að hóta einhverju?

Anna:

Neeei, en....

Sigga Mæja:

En hvað? Vissi það, ég er greinilega ekki velkomin hingað. Það er alveg sama hvað ég reyni að vera almennileg við systur þína, hún er bara alltaf með rosalega stæla við mig.

Axel:

Anna, hvað er að þér? Af hverju ertu með svona mikla stæla? Hefur Sigga verið eitthvað leiðinleg við þig?

Anna:

Neeeeiiii....en..

Þögn.

Axel:

En hvað? Hvað, Anna? Rosalega ertu leiðinleg. Kannski ertu bara virkilega afbrýðisöm út í Siggu.

Anna:

Nei Axel, ég er ekki afbrýðisömu. Ég bara

Axel:

Þú bara hvað? Siggan Mæja er alltaf að tala um hvað þú sért frábær og góð leikkona og þú launar henni svona.

Sigga Mæja:

Komdu, förum bara heim til mín. Þar er ég allavega velkomin.

Anna:

Axel, ég er bara að reyna að...

Axel:

Reyna hvað?

Anna segir ekkert þar sem Sigga Mæja stendur við hliðina á honum og glottir.

Axel:

Vissi það, þú hefur ekkert að segja.

Þau fara. Anna stendur ein eftir og er mjög niðurlát. Hún fær SMS, les það og grætur.

Endir.

Framkvæmdalýsing með handriti

Leikmunir:

Þrjú símar, ein tölva og skjár sem hægt er að fylgjast með blogginu út í sal. Stórt spjald með símanúmerum leikendanna, merkt A xxx B xxx D xxx

Svið:

Hægt er leika leikritið nánast hvar sem er. Það sem til þarf er rými og tveir stólar. Hugmyndin er að leikritið gerist á heimili Axels og Önnu eftir að þau koma heim úr frí frá Rusleyjunni. Best er ef áhorfendur hafa lesið bókina Rusleyjan eftir Þórarin Leifsson. Þannig geta þeir tekið betur þátt í leikritinu.

Hlutverk og leikendur:

Hlutverkin í leikritinu eru fimm: Anna, Axel og nýja stelpa, Sigga Mæja, sem Axel er hrifinn af, en hún leggur jafnframt Önnu í einelti. Einnig er sögumaður sem kynnir atburðarásina og fær þátttakendur til að vera með. (Kennari getur verið sögumanninum til aðstoðar ef vill, þar sem hlutverk sögumannsins er mjög krefjandi, eða hafa fleiri sögumenn). Þá er einn ritari (mega vera fleiri) sem skráir atburði jafnt og þétt inn á bloggsíðuna sem fylgir þessum pakka.

Forumleikhús (stoppleikhús):

Forumleikhúsið (stoppleikhús) byggir á þátttöku áhorfandans. Áhorfandinn er virkur á meðan á leiknum stendur og fær að hafa áhrif á atburðarásina. Hann getur komið inn í atriðið og unnið úr aðstæðunum eins og hann telur best, í spuna á móti leikurunum. Leikhúsformið fær fólk til að endurskoða hugmyndir sínar og stuðlar að samræðum og skoðanaskiptum.

Í þessari uppsetningu getur áhorfandinn einnig sent persónunum SMS-skilaboð meðan á sýningunni stendur. Mikið mæðir á leikurunum þar sem leikritið er að hluta til spunaleikrit. Ekki er vitað fyrirfram hvernig leikritið endar.

Reglur og skipulag Stoppaleikhússins (Forum Theatre)

1) Jókerinn/sögumaður:

Sögumaðurinn stjórnar sýningunni, umræðunni og inngrípunum. Hann hvetur áhorfendur til að koma upp á svið til að hafa áhrif á leikritið. Sögumaðurinn útskýrir reglurnar í upphafi, áður en sýningin byrjar. Hann lætur áhorfendurna vita að þeir fái að taka þátt í sýningunni en það er ýmislegt sem ekki er hægt að gera:

Reglur:

Það sem má ekki gera:

Persónurnar geta ekki breytt um persónuleika (Sigga Mæja getur t.d. ekki skyndilega orðið ljúflingur eða Axel hætt að vera skotinn í Siggu Mæju og Anna kjaftar ekki í Axel). Það má að sjálfsgöðu ekki nota neitt ofbeldi eða dónalegt orðfæri eða eitthvað sem tengist kynferði persónanna. Ekki er hægt að koma með neinar töfralausnir. Leikritið hermir eftir lífinu og í lífinu eru ekki neinar töfralausnir við vandamálum eins og einelti.

Það sem má gera:

Áhorfendur mega segja stopp og koma þá upp og leika.

ALDREI MÁ KOMA UPP Á SVIÐ OG LEIKA ÞANN SEM ER AÐ KÚGA AÐRA EÐA LEGGJA Í EINELTI. Það er ekki tilgangur leikritsins. Tilgangurinn er að fá áhorfendur til að hafa áhrif á söguna og hjálpa þeim sem verið er að stríða; koma með lausn á vandamálinu.

Áhorfendur mega senda SMS til leikarans og ráðleggja honum hvað hann eigi að gera.

Áhorfendur mega biðja leikara um að koma í Kastljósið.

(Kastljósið: Einn leikaranna situr fyrir svörum. Hann er t.d. í hlutverki Siggu Mæju. Leikarinn sest á stól fyrir framan hópinn og situr fyrir svörum áhorfenda. Hann þarf að svara spurningum áhorfenda sem persónan sem hann er að leika og útskýra afstöðu sína fyrir þeim).

Gott er að æfa leikarana í að koma fram í Kastljósinu á æfingum. Þannig þjálfast leikararnir í að koma fram og um leið kynnast þeir persónu sinni betur.

Sýningin:

1) Sögumaðurinn biður alla í salnum (líka leikarana) að taka þátt í smá leik. Allir þurfa að standa og koma sér þannig fyrir að þeir sjái hina í hópnum vel.

Leikurinn:

Hægt er að nota hvaða leik sem er svo lengi sem það er hópleikur. Hér er einn sem heitir Já, við skulum. Lykillinn að þessum leik er að allir segja strax JÁ (hér gildir líka sú regla að ekki má stinga upp á neinu sem er dónalegt eða óþægilegt fyrir þátttakendur). Sögumaðurinn byrjar á að kalla fram: Eigum við að...t.d. hoppa? Hópurinn svarar hátt og skýrt: Já, við skulum hoppa (og svo hoppar hópurinn). Einhver annar út í sal kallar: Eigum við að...t.d. klappa? Hópurinn svarar: Já, við skulum klappa (og svo er klappað). Þannig er haldið áfram í smátíma. Sögumaður stöðvar síðan leikinn og biður áhorfendur að fá sé sæti og tilkynnir að nú verði leikritið sýnt og ekki megi stoppa það í þetta skiptið.

2) Leikritið sýnt eftir handriti:

Leikritið er sýnt einu sinni samkvæmt handriti og má þá ekki stöðva leikritið eða senda SMS. Þegar það er búið tekur sögumaðurinn aftur við.

3) Eftir fyrri sýninguna:

Sögumaður spyr áhorfendur út í sal spurninga eins og: Erum þið sátt við þennan endir? Hvað er að gerast í leikritinu? Er hægt að gera eitthvað öðruvísi? Hvað er hægt að gera öðruvísi? Viljið þið fá einhverja af leikurunum í Kastljósið? Er eitthvert atrið sem þið viljið sjá aftur? (Leikarar fá sér sæti á meðan á þessum umræðum stendur og mega ekki taka þátt í umræðunni, nema þeim sé boðið í Kastljósið)

4) Leikritið sýnt aftur:

Sögumaður biður leikarana að sýna leikritið aftur. Í þetta skiptið mega áhorfendur segja STOPP þegar þeir vilja breyta einhverju og frjósa þá leikarar í hlutverkum sínum. (Að frjósa: Leikendurnir fara í kyrrstöðu (frjósa) þegar kallað er stopp úti í sal. Hér biður leikarinn eftir því að sá sem kemur upp á svið tilkynni hvaða persónu hann/hún ætlar að leika). Hér fer sá sem sagði stopp og tekur við hlutverki þess sem á í vandræðum t.d. Önnu (ekki má fara í hlutverk þess sem er að beita valdi). Sú sem leikur Önnu fer afsíðis og biður eftir að sögumaður kalli á sig. Áhorfandiinn leikur núna atriðið á móti Axel eða Siggju Mæju. Sögumaður stoppar atriðið ef ekkert er að gerast eða atriði klárast. Anna skilur símann sinn eftir fyrir þann sem er að leika þannig að áhorfendur út í sal geta hjálpað þeim sem eru að leika. Endurtaka má hvert atriði með nýjum leikurum (áhorfendum) ef ekki fæst viðunandi niðurstaða eða ef fleiri vilja prófa.

5) Eftir seinni sýninguna:

Þegar atriðið er búið eða þegar sögumaður stoppar atriðið fara fram umræður á milli sögumannsins og áhorfenda. Sögumaður byrjar á því að þakka þeim sem kom upp á svið að leika og biður hina um að klappa fyrir honum.

Síðan getur hann spurt spurninga eins og: Leystist vandamálið? Eruð þið sátt við atriðið svona? Er hægt að bæta það? Er einhver annar sem vill koma og spreyta sig. Hér er hægt að breyta um persónu og koma upp sem t.d. Axel og leika þá á móti Siggju Mæju eða Önnu.

6) Þegar seinni sýningin er búin:

Sögumaður ræðir við áhorfendur um lok verksins. Ef engin lausn fæst er hægt að ræða það en ef lausn fannst þá getur sögumaður t.d. spurt: Erum við ánægð með þennan endi? Er þetta eitthvað sem áhorfendur kannast við? Gæti þetta gerst í raunveruleikanum? Hann þakkar áhorfendum og leikurum fyrir þátttökuna og segir frá blogginu.

Bloggið:

Ritari skráir allt sem fram fer á sviðinu þegar leikritið er sýnt aftur. Hann þarf ekki að skrá hverja einustu setningu sem sögð er en hann þarf að skrá lausnirnar sem áhorfendur koma með (eða senda í gegnum SMS) og framvindu leikritsins. Bloggið er í rauntíma þannig að hægt er að fylgjast með því heima og að heiman. Í byrjun leikritsins er ritarinn að senda Axel SMS í gegnum tölvuna (sem Sigga Mæja), þeir eru að skipuleggja party. Ritarinn er þannig hluti af leikritinu frá upphafi.

Dæmi:

Axel fær skilaboð í símann sinn, les þau og fer að hlæja. Axel skrifar strax tilbaka, er smástund að því. Á meðan fær Anna skilaboð. Hún les þau og verður döpur.

Hér er ritarinn að senda SMS þannig að leikararnir eru í raun að fá SMS. Samkomulag þarf að vera á milli leikaranna og ritarans um hvað á að standa í skilaboðunum.

Þegar sýningin er búin ætti að vera komin einhver lausn á vandamálinu sem hægt er að lesa um á blogginu. Nýr endir ætti að fást í hvert skipti sem leikritið er sett upp og er því ætlað að endurspeglar það samfélag sem nemendur búa í á hverjum stað fyrir sig.

Persónur:

Anna er 11 ára og æfir leiklist með nokkrum stelpum úr skólanum. Hún er mikill lestrarhestur og er að lesa þegar leikritið hefst.

Axel er 12 ára og á stóran vinalóp. Hann er skotinn í Siggju Mæju sem er ný í bekknum. Hann er nýbúinn að fá síma þegar leikritið hefst og er að skipuleggja party með símanum sínum.

Sigga Mæja er 12 ára. Hún kom ný inn í bekkinn í lok síðasta skólaárs eftir að hafa búið í Lúxemborg í sex ár með foreldrum sínum sem voru þar við vinnu. Hún æfir leiklist með nokkrum stelpum úr skólanum á sama stað og Anna.

Ekki er hægt að æfa leikritið til enda, þar sem ekki er vitað hvað áhorfendur gera eða segja. Best er að undibúa leikarana með því að fá þá til að prófa mismunandi endi á leikritið eða skiptast á að fara í Kastljósið.